



BETRI
SAMGÖNGUR

Staða og framgangur verkefna

Júní 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Fjárfestingar.....	5
2.1 Stofnvegir.....	6
2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls.....	6
2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur.....	6
2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata.....	6
2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar.....	6
2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut.....	6
2.1.6 Sæbrautarstokkur.....	7
2.1.7 Miklubrautarstokkur.....	7
2.1.8 Garðabæjarstokkur.....	7
2.2 Borgarlínan.....	8
2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg.....	8
2.2.2 Lotur 2 og 4: Hamraborg – Lindir og Fjörður - Miklabraut.....	8
2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ.....	8
2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut.....	9
2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng.....	9
2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt.....	9
2.3 Virkir ferðamátar.....	10
2.3.1 Arnarneshæð.....	10
2.3.2 Elliðaárdalur – Brún við Árbæjarlaug að Grænugróf.....	10
2.3.3 Strandgata.....	10
2.3.4 Ánanaust, JL hús - Mýrargata.....	10
2.3.5 Skógarhlíð.....	10
2.3.6 Elliðaárdalur - Dimma.....	10
2.3.7 Stofnstígar með Arnarnesvegi.....	10
2.3.8 Ásbraut.....	10
2.3.9 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal.....	10
2.4 Öryggi og flæði.....	11
3. Fjármögnun.....	12
3.1 Keldnalandið.....	12
3.2 Flýti- og umferðargjöld.....	12
3.3 Lántökur.....	12

4. Stjórnarfundir..... 14

1. Inngangur

Í h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans segir að Betri samgöngur (fyrirtækið) skuli skila hluthöfum sínum á a.m.k. sex mánaða fresti skýrslu um framgang verkefna og fjármál. Í grein 2.1 í hluthafasamkomulaginu um fyrirtækið er mælt fyrir um stýrihóp sem skipaður sé forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (nú innviðaráðherra), fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóranum í Reykjavíkur og formanni og varaformanni Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Tilgangur hans sé að tryggja upplýsingaflæði um framgang fjárfestinga og stefnumarkandi mál. Stýrihópurinn komi einnig að stefnumótandi ákvörðunum er varða fyrirtækið og koma til meðferðar Alþingis og sveitarfélaganna. Í grein 4.3 í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn skuli, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihópsins um stöðu og framgang verkefna fyrirtækisins. Skýrsla þessi er gerð að þessu tilefni.

2. Fjárfestingar

Árið 2023 er fimmta ár gildistíma Samgöngusáttmálans. Hinn 9. mars sl. ákvað stýrihópurinn að hefja vinnu við uppfærslu hans. Miklar verðhækkningar hafa orðið, einkum í verklegum framkvæmdum, auk þess sem ljóst er að kostnaðaráætlanir voru vanáætlaðar. Vinnan felst einkum í að uppfæra framkvæmdatöflu, þ.m.t. tíma- og kostnaðaráætlanir, meta áhrif stofnvega- og Borgarlínuinnviða m.t.t. markmiða um greiðar samgöngur, fjölbreytta ferðamáta, kolefnishlutlaust samfélag og umferðaröryggi, setja mælanleg undirmerkið og árangursvísa og móta leiðir að bæta stjórnskipulag verkefnisins og einstakra verkefna.

Betri samgöngur hafa skilað tillögum sínum til viðræðhóps sem hluthafar hafa skipað. Þar sem uppfærðar tíma- og kostnaðaráætlanir liggja ekki fyrir verður ekki umfjöllun um þær í þessari skýrslu. Þær verða kynntar rækilega þegar stýrihópurinn hefur tekið þær ákvarðanir sem þarf til að leggja lokahönd á þær.

2.1 Stofnvegir

2.1.1 Suðurlandsvegur: Norðlingavað – Bæjarháls

Umfang: Breikkun í fjórar akreinar og aðskilnaður akstursstefna, lenging og styrking undirganga fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi, tilfærsla og nýir stígar, hljóðvarnir.

Staða: Reiknað er með að forhönnun ljúki á fyrir árslok 2023.

2.1.2 Vesturlandsvegur: Langitangi – Hafravatnsvegur

Umfang: Endurnýjun akbrauta og breikkun til að aðskilja akstursstefnur.

Staða: Framkvæmd er lokið.

2.1.3 Reykjanesbraut: Álftanesvegur – Lækjargata

Umfang: Frumhönnun lausna með tveimur akreinum í hvora átt, mislægum gatnamótum og Reykjanesbraut niðurgrafinni á kafla auk frumathugunar á jarðgöngum.

Staða: Unnið að umferðargreiningum og jarðvegsrannsóknum. Skoðaðar hafa verið mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Fjarðahrauns og Reykjanesbrautar og tvær mislægar lausnir á yfirborði fyrir gatnamót Reykjanesbrautar og Lækjargötu. Auk þess hafa jarðgöng undir Setbergshamarinn frá Lækjargötu að Álftanesvegi verið skoðuð til samanburðar með mismunandi útfærslum á vegtengingum við Álftanesveg. Það er ljóst að endanlegt val á lausn mun hafa veruleg áhrif á kostnað verkefnisins.

2.1.4 Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar

Umfang: Flugrampi verður fyrir vinstri beygju af Reykjanesbraut vestur Bústaðaveg og vinstri beygja af Bústaðavegi norður Reykjanesbraut að Sæbraut verður aflögð. Hvoru tveggja stuðlar að bættu umferðarflæði með Reykjanesbraut í frjálsu flæði. Að auki er fyrirséð tilfærsla á Reykjanesbrautinni, lenging undirganga og auknar hljóðvarnir.

Staða: Vinna við frumdrög og mat á umhverfisáhrifum í gangi. Samhliða útfærslu á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er unnið að greiningum á hentugri legu 3. lotu Borgarlínunnar frá Vogastöð í Mjódd og unnið að mati á umhverfisáhrifum. Umsagnarferli matsáætlunar er lokið. Velja þarf lausn sem haldið verður áfram með í forhönnun og skipulagsbreytingar.

2.1.5 Arnarnesvegur - Breiðholtsbraut

Umfang: Framlenging Arnarnesvegur að Breiðholtsbraut, breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Elliðaám, akstursbrú yfir Breiðholtsbraut, undirgöng fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir Breiðholtsbraut og Arnarnesveg og hjólastígar meðfram Arnarnesvegi ásamt tengingum við núverandi stígakerfi og nýrri göngu- og hjólabrú yfir Elliðaár við Dimmu.

Útfærsla á hönnun Arnarnesvegur tók mið af hljóðvist og öðrum umhverfiskröfum á deiliskipulagsstigi og var langt komin við stofnun Betri samgangna. Auk framkvæmda við Arnarnesveginn er nauðsynleg breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli að Vatnsendahvarfi sem eiga að tryggja flæði umferðar um Breiðholtsbraut fram hjá gatnamótum við Arnarnesveg. Í tengslum við verkefnið eru líka hjólastígar meðfram Arnarnesvegi og tenging við hjólastíga við Rjúpnaveg og Elliðaárdal ásamt hjólabrú yfir Arnarnesveg

og Elliðaár við Dimmu og undirgöng undir Arnarnesveg og Breiðholtsbraut til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Þetta eru meginástæður þess kostnaður verður talsvert meiri en Samgöngusáttmálinn gerði ráð fyrir, eins og fram kemur í töflunni.

Staða: Tilboð í framkvæmd voru opnuð 9. maí. Kæra á útboðs- og samningaferli er til meðferðar hjá kæruneftnd útboðsmála. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist síðsumars.

2.1.6 Sæbrautarstokkur

Umfang: Um er að ræða 850 m langan stökk, 2+2 auk neyðarvasa, að- og fráreina ásamt ljósastýrðum gatnamótum við Skeiðarvog og Kleppsmýrarveg á stökkloki. Aðlögun á römpum við Vesturlandsveg bráðabirgða göngubrú fyrir þverun Sæbrautar á framkvæmdatíma og fram að framkvæmdatíma. Núverandi gatnamót Súðavogs og Sæbrautar leggjast af. Á suðurenda stokksins mun fyrsta lota Borgarlínu þvera Sæbrautina á leið sinni frá Suðurlandsbraut að Ártúnshöfða.

Staða: Vinna við forhönnun lýkur um á þriðja ársfjórðungi 2023 og gert er ráð fyrir að vinnu við mat á umhverfisáhrifum ljúki um mitt ár 2024. Skipulagsvinna Reykjavíkur á svæðinu er umfangsmikil og áætlanir borgarinnar gera ráð fyrir að deiliskipulagsvinnu ljúki vorið 2025. Miðað við þessa tímalínu má gera ráð fyrir framkvæmdum við stökkinn 2026 - 2028.

2.1.7 Miklubrautarstokkur

Umfang: Um er að ræða 1500 m langan stökk frá Kringlu og vestur fyrir Snorrabraut, 2+2 vegur með römpum að og frá stokki vestan Kringlumýrarbrautar. Til frekari skoðunar er auk þess tenging Bústaðavegar og Snorrabrautar við Hringbraut.

Staða: Vinna við frumdrög hófst á þriðja ársfjórðungi og gert ráð fyrir að henni ljúki um mitt ár 2023. Til samanburðar við stökk var ákveðið að láta líka vinna frumdrög fyrir jarðgöng sem næðu frá sama stað vestan Snorrabraut austur fyrir Grensásveg. Ekki hefur verið tekin afstaða til þessara kosta en fyrirséðar umferðartafir á framkvæmdatíma sem og tæknilega flókin viðfangsefni við byggingu stokksins kalla á skoðun á kostum jarðaganga og kostnaðarsamanburði þessara tveggja mögulegu lausna.

2.1.8 Garðabæjarstokkur

Umfang: Um er að ræða 400 m langan stökk á Hafnarfjarðarvegi milli Vífilsstaðavegar og Lyngáss. Frágangur og fyrirhuguð lega Borgarlínunnar ásamt innanbæjargötu Garðabæjar ofan á stokki er ekki hluti af þessu verki.

Staða: Vinna við undirbúning ekki hafin.

2.2 Borgarlínan

2.2.1 Lota 1: Ártún - Hlemmur og Hlemmur – Hamraborg

Staða: Lotunni hefur verið skipt í átta leggi frá Ártúnshöfða að Hamraborg (Ártúnshöfði, Elliðaárvogur, Suðurlandsbraut, Miðbær, HÍ og BSÍ, Vatnsmýri, Fossvogsbrú og Kársnes). Rýni sveitarfélaga, Strætó, veitufyrirtækja, Vegagerðarinnar og fyrirtækisins á lokaafurðum frumdraga er lokið fyrir sjö af átta hlutum. Rýni á legu Borgarlínu um Geirsnef mun fara fram á þriðja ársfjórðungi 2023 á meðan forhönnun á fyrstu hlutum leiðarinnar hófst um miðjan maí 2022. Hönnunar og framkvæmdaáfangar verkefnisins munu halda áfram að skarast og þannig hefjast verkhönnun og framkvæmdir við ákveðna leggi áður en forhönnun allrar lotunnar lýkur. Í því ljósi mun ekki verða hægt að leggja til samþykktar heildar kostnaðaráætlanir hvers hönnunaráfanga fyrir sig áður en næsta stig verkefnisins hefst eins og almennt er gert og æskilegt væri.

Tímalína einstakra hluta Borgarlínunnar afmarkast af fjölmörgum innri og ytri þáttum eins og framvindu í skipulagsmálum og framvindu annarra tengdra verkefna eins og vegstokka og uppbyggingu á lóð Landspítalans við Hringbraut. Enn er miðað við að fyrsti hluti innviða Borgarlínu sem tilbúinn verður fyrir akstur verði frá Hamraborg um Fossvogsbrú að HÍ. Á þeim hluta eru þó tvö stór verkefni sem munu hafa tímabundin áhrif á akstursleiðina, skipulagsmál á reit BSÍ og lóð Landspítalans. Tímalína framkvæmda mun því og auk þess áfram taka mið af öðrum framkvæmdum Samgöngusáttmálans, takmörkunum á mögulegum samtíma framkvæmdum vegna umferðarflæðis á höfuðborgarsvæðinu, nauðsynlegra framkvæmda veitufyrirtækja og framkvæmda annarra aðila sem liggja að áhrifasvæði lotu 1. Frekari vinna við uppfærslu á tímalínu Borgarlínu mun fara fram þegar ljóst verður hvernig uppfærslu Samgöngusáttmálans verðu háttað.

2.2.2 Lotur 2 og 4: Hamraborg – Lindir og Fjörður - Miklabraut

Staða: Tilboð í vinnu við frumdrög Borgarlínu um Hamraborg eftir Hafnarfjarðarvegi voru opnuð í byrjun júní. Verkefnið felur m.a. í sér frumdrög að borgarlínuleiðum og staðsetningu og útfærslu stöðva í Hamraborg. Verkmörk í norðri eru á Hafnarfjarðarvegi við sveitarfélagsmörk Reykjavíkur og Kópavogs og sunnan megin á Hafnarfjarðarvegi við sveitarfélagamörk Kópavogs og Garðabæjar. Frekari greiningarvinna vegna lota 2 og 4 bíður niðurstöðu þessara frumdraga.

2.2.3 Lota 3: Mjódd – BSÍ

Staða: Skilgreiningu á legu Borgarlínunnar á Reykjanesbraut í tengslum við undirbúning gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar er lokið samhliða vinnu við skoðun gatnamótanna. Frumdrög eru á lokametrum fyrir tengingu Borgarlínu frá Stekkjarbakka og inn að Ártúnsbrekku/Vesturlandsvegi. Frekari vinna við tengingar við Vogastöð og Mjódd bíður frumdraga fyrir þá hluta lotunnar.

Reiknað með að framkvæmdir í námunda við gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar verði framkvæmdar samhliða framkvæmdum við gatnamótin.

2.2.4 Lota 4: Fjörður – Miklabraut

Staða: Sjá 2.2.2

2.2.5 Lota 5: Ártún– Spöng

Staða: Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

2.2.6 Lota 6: Ártún - Háholt

Staða: Fyrsta skoðun á mögulegri legu Borgarlínu frá Krossamýrartorgi að Korputorgi ásamt mögulegum akstursleiðum frá Keldnalandi í Mosfellsbæ um Vesturlandsveg fór fram á seinni hluta 2022 í tengslum við undirbúning á hugmyndasamkeppni um þróun Keldnaland. Ekki hefur farið fram frekari greining á mögulegri tímasetningu framkvæmda með hliðsjón af nýrri tímalínu lotu 1 og því er hún óbreytt í bili.

2.3 Virkir ferðamátar

2.3.1 Arnarneshæð

Framkvæmdin: Undirgöng.

Staða: Framkvæmd hófst í upphafi júní 2022 og er áætlað að umferð verði hleypt á í júní 2023. Áætluð verklok eru í árslok 2023.

2.3.2 Elliðaárdalur – Brún við Árbæjarlaug að Grænugróf

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr hjólastígur í Elliðaárdal frá brúnni við Árbæjarlaug að Grænugróf.

Staða: Framkvæmdir hófust í nóvember 2022 og er að mestu lokið. Unnið er að frágangi gróðurs auk annarra smárra verkefna.

2.3.3 Strandgata

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram Strandgötu.

Staða: Framkvæmdir hófust sumarið 2022 og eru langt komnar.

2.3.4 Ánanaust, JL hús - Mýrargata

Framkvæmdin: Stofnstígar. Sameiginlegur göngu- og hjólastígur sem var fyrir verður breytt í hjólastíg og nýr göngustígur lagður.

Staða: Framkvæmdum er lokið.

2.3.5 Skógarhlíð

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr göngu- og hjólastígur meðfram Skógarhlíð

Staða Verkhönnun er nánast lokið en framkvæmdir bíða vegna skipulagsmála.

2.3.6 Elliðaárdalur - Dimma

Framkvæmdin: Stofnstígar. Göngu og hjólastígur ásamt brú yfir Elliðaár

Staða Hluti af verkundirbúningi og útboði Arnarnesvegar.

2.3.7 Stofnstígar með Arnarnesvegi

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýir aðskildir göngu- og hjólastígar meðfram nýjum Arnarnesvegi

Staða Hluti af verkundirbúningi og útboði Arnarnesvegar.

2.3.8 Ásbraut

Framkvæmdin: Stofnstígar. Nýr hjólastígur meðfram Ásbraut, frá Kársnesbraut að Hamraborg.

Staða Verkhönnun lokið en framkvæmdum frestað samkvæmt ákvörðun Kópavogs.

2.3.9 Kópavogsháls, Hamraborg – göngustígur við Kópavogsdal

Framkvæmdin: Stofnstígar. Aðskilnaður á göngu- og hjólastígum

Staða Verkhönnun lokið en framkvæmdum frestað samkvæmt ákvörðun Kópavogs.

2.4 Öryggi og flæði

Í framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans er gert ráð fyrir fjármagni í sameiginlegan útgjaldalið *umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir*. Fjármagn þessa liðar er nýtt í ljósastýringar, smærri framkvæmdir á stofnvegum til að bæta flæði og öryggi og smærri framkvæmdir vegna almenningssamgangna.

Yfir tvö hundruð umferðarljós eru á höfuðborgarsvæðinu. Alls eru ljósastýringar á tæplega 90 gatnamótum og gönguþverunum í sameign Vegagerðarinnar og viðkomandi sveitarfélags þar sem þjóðvegur og sveitarfélagsgata eða gönguleið mætast. Fyrirtækinu er ætlað að fjárfesta í tækjabúnaði, úrbótum og tækniþróun fyrir umferðarljósastýringar.

Samstarfshópur Vegagerðarinnar og SSH vinnur að úrbótum í samræmi við aðgerðaáætlun í ljósastýringarmálum frá 2021 og niðurstöður úttekta á stöðu umferðarljósabúnaðar og -stýringa. Í kjölfarið hefur verið, og er áfram, unnið að ítarlegri ástandsgreiningu og uppfærslu stýringa á hverjum stað fyrir sig með það að markmiði að tryggja umferðaröryggi, lágmarka mengun og bæta flæði. Stöðugt verður unnið að endurnýjun tækjabúnaðar til að nýta nýja tækni og auka möguleika á sem bestri virkni á hverjum tíma. Vegna kærumála við útboð á umferðarljósabúnaði hefur gengið mun hægar en vonir stóðu til að endurnýja og bæta umferðarljósabúnað á svæðinu. Ný útboð eru fyrirhuguð á árinu.

Smærri verkefni til að bæta flæði og öryggi og almenningssamgöngur á stofnvegum eru í undirbúningi og stefnt er á framkvæmdir á síðari hluta ársins.

3. Fjármögnun

3.1 Keldnalandið

Fyrirtækinu var falið að annast þróun og sölu ríkislands að Keldum með Samgöngusáttmálanum. Allur ábati ríkisins af þróun og sölu landsins mun renna óskertur til uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í Samgöngusáttmálanum var ákveðið að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis að Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínu sem fara á um hverfið endilangt. Frá miðju ári 2021 hefur fyrirtækið í samstarfi við starfshóp Reykjavíkurborgar um skipulagningu svæðisins látið vinna undirbúningsrannsóknir og grunngreiningar fyrir skipulagsgerð. Í desember 2022 gengu ríkissjóður og Betri samgöngur frá samningi sínum á milli um að félagið tiki við landsvæðinu við Keldur og Keldnaholt ásamt þeim réttindum og skyldum sem því tengjast.

Nú stendur yfir alþjóðleg tveggja þrepa samkeppni um þróunar- og uppbyggingaráætlun fyrir svæðið sem lýkur í ágúst 2023. Í framhaldinu verður unninn rammahluti aðalskipulags Reykjavíkur, deiliskipulags- og uppbyggingaráætlanir á grunni verðlaunatillögu í samkeppninni. Svæðið í heild er alls um 115 hektarar og stefnt er að því að hægt verði að afgreiða deiliskipulagsáætlanir fyrir fyrstu uppbyggingarreitina á svæðinu á síðari hluta ársins 2024.

3.2 Flýti- og umferðargjöld

Vegakerfið á Íslandi hefur verið fjármagnað með bensín- og olíugjöldum. Hlutfall vistvænna ökutækja eykst hratt og segja spár að strax árið 2025 hafi tekjur af bensín- og olíugjöldum lækkað verulega. Endurskoðun stendur nú yfir á tekjustofnum ríkisins vegna ökutækja og eldsneytis vegna orkuskipta.

Í Samgöngusáttmálanum er gert ráð fyrir að fyrirtækið geti innheimt svonefnd flýti- og umferðargjöld sem yrðu liður í breyttri gjaldtöku ríkisins. Áætlað er að það skili fyrirtækinu 60 milljörðum, á verðlagi 2019, á tímabilinu. Fyrirtækið hóf haustið 2021 skoðun á mögulegum útfærslum flýti- og umferðargjalda í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og SSH. Fjármála- og efnahagsráðuneytið og innviðaráðuneyti hafa sett á fót verkefnastofu sem falið verður að vinna með ráðuneytunum að mótun tillagna um nýtt fyrirkomulag tekna af vegasamgöngum til framtíðar og munu Betri samgöngur vinna áfram með verkefnastofnunni að skoðun á flýti- og umferðargjöldum.

3.3 Lántökur

Fyrirtækið hefur heimildir til lántöku til að tryggja viðunandi sjóðstreymi og jafna út misræmi á milli fjárfestinga annars vegar og tekna hins vegar eftir árum. Skv. 1. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu er fyrirtækinu heimilt að taka lán umfram það sem fjármagnað er með framlögum til fyrirtækisins, rúmist það innan heildarfjárfestingar og sé metið hagkvæmt fyrir framgang uppbyggingar samgönguinnviða og annarra verkefna þess. Skv. 2. málsl. er lántaka háð því skilyrði að ríkissjóður veiti lán eða ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila. Fossar markaðir hf. hafa verið fyrirtækinu til ráðgjafar varðandi fjármögnun þess. Tillaga um fjármögnun fyrirtækisins var lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti 14. júní 2021 og bærust svör við henni 10. mars 2022. Viðræður standa nú yfir við fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Endurlána

ríkissjóðs um lánasamning. Reikna má með að gengið verði frá lánasamningi þegar vinnu við uppfærslu sáttmálans er lokið og ný fjárlæðisáætlun liggur fyrir.

4. Stjórnarfundir

Stjórn hefur alls haldið 66 fundi. Þeir eru að jafnaði haldnir annan og fjórða föstudag í hverjum mánuði.



BETRI
SAMGÖNGUR

Grandagarður 16
101 Reykjavík

betrisamgongur.is